



Námsáætlun - Fjarnám

ÍSLE3na05 Vorönn 2021

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ritgerðasmíð.
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu.
- helstu bókmenntahugtökum, mismunandi tegundum bókmennta og tímabilum í íslenskum bókmenntum síðari alda.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli.
- ganga frá texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni.
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli.
- nýta sköpunargáfu og sýna sjálfstæði við úrvinnslu verkefna.
- flytja af öryggi vel uppbyggða kynningu á krefjandi efni .
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntatexta síðari tíma.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum sem er metið með verkefnum og prófum.
- beita málinu á árangursríkan og viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður sem er metið með munnlegri framsögn.
- tjá rökstudda afstöðu og taka virkan þátt í málefnalegri umræðu sem er metið með munnlegri framsögn.
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta og geta miðlað því á skýran hátt til samnemenda sinna sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn.
- átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná duldem boðskap og hugmyndum sem er metið með verkefnum og prófum.
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum sem er metið með verkefnum.
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum sem er metið með verkefnum og prófum.



Kennslugögn

Tíminn er eins og vatnið. Brynja Baldursdóttir og Hallfríður Ingimundardóttir.
Salka Valka. Halldór Laxness. <https://www.forlagid.is/vara/salka-valka-ny/>
Yndislestur: Stelpur sem ljúga eftir Evu Björgu Ægisdóttur.

Ýmiss konar lesefni - Ljóð og sögur – Sjá lesefni á Innu fyrir hverja lotu.

Vika	Yfirferð	Próf og verkefni.
1. lota: 4. – 14. mars	Kynning á áfanga. Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið: Angurværð nýrrar aldar</i> (bls. 11-70). Heimalestur: <i>Salka Valka</i> – Ástin (1. hluti) og Dauðinn (2. hluti).	Verkefnavinna (10%). <i>Skil 14. mars kl. 23.59 (sunnudagur).</i>
2. lota: 15. – 28. mars	Kreppa og stríð 1930-1945 (bls. 71-144). Heimalestur: <i>Salka Valka</i> – Annar heimur (3. hluti) og Kjördagur lífsins (4. hluti).	Verkefnavinna (10%). <i>Skil 21. mars kl. 23.59 (sunnudagur).</i> Próf úr <i>Sölku Völku</i> fyrstu tveimur hlutum (10%), fimmtudaginn 25. mars kl. 18:00. Miðannarmat.
29. mars - 6. apríl	Páskafri	
3. lota: 7. - 25. apríl	<i>Salka Valka</i> – Verkefnavinna. Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið.</i> Lesinn kaflinn Byltingarárin 1945-1970 (bls. 145-202). Heimalestur: <i>Stelpur sem ljúga</i> .	Tímaverkefni úr <i>Sölku Völku</i> – 3. og 4. hluta (10%) fimmtudaginn 15. mars kl. 18:00. Próf úr <i>Stelpur sem ljúga</i> (10%) miðvikudaginn 21. apríl kl. 18:00. 22. apríl: Sumardagurinn fyrsti.



4. lota: 26. apríl - 9. maí	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Raunsæi '68-kynslóðarinnar 1970-1985 (bls. 203-255).	Verkefnavinna (5%). <i>Skil 9. maí kl. 23.59</i> (sunnudagur).
5. lota: 10. - 18. maí	Hræringur 1985-2000 (bls. 258-313).	Verkefnavinna (5%). <i>Skil 16. maí kl. 23.59</i> (sunnudagur).

Kennari áskilur sér rétt til að breyta áætlun – ef þurfa þykir.

Námsmat:

<i>Salka Valka</i> - Próf.	10%
<i>Salka Valka</i> - Tímaverkefni.	10%
<i>Stelpur sem ljúga</i> – Próf.	10%
Bókmenntasaga og annað efni á Innu - Verkefni.	30%
Lokapróf (tvö tímabil).	40%

Lokapróf verður úr tveimur tímabilum Byltingarárum og Raunsæi '68-kynslóðarinnar (bókmenntasögu og efni á Innu).

Athugið: Þegar lagt er fyrir rafrænt próf þá skal taka það samkvæmt fyrirmælum frá kennara.

Skil verkefna

Öllum verkefnum ber að skila í síðasta lagi á tilgreindum skiladögum. Ekki verður tekið við skilum á verkefnum eftir síðasta skiladag nema sérstaklega hafi verið óskað eftir fresti **fyrirfram** og sérstakar ástæður séu fyrir slíkri ósk.

Fylgist vel með fyrirlögn prófa. Það eru **engin sjúkrapróf**.

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 4,5 á lokaprófi og 5,0 í lokaeinkunn.

Með von um góða samvinnu og árangur.
Ásdís Björnsdóttir.